



Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd
Austurvöllur

Reykjavík 13. febrúar 2024

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um rannsókn á orsakaferli í kjölfar sjálfsvígs


Landsamtökin Geðhjálp taka undir mikilvægi þess að ráðist verði í rannsókn á orsökum sjálfsvíga. Samtökin leggja til og að ráðist verði í skipulagningu umfangsmikils forvarnarstarfs sem miði að bættu geðheilbrigði þjóðarinnar frá vöggu til grafar. Samtökin telja að ráðast þurfi í allsherjar uppstokkun á því hvernig lítið er á geðheilbrigðismál. Í stað þess að horfa nær eingöngu á þær afleiðingar sem geðrænn vandi getur haft í för með sér og hvers konar meðferð sé best við þeim vanda, þarf að horfa til orsakabátta. Það verður að sjálfsgöðu aldrei hægt að koma í veg fyrir allan vanda með því að vinna með orsakabætti en það má draga verulega úr vandanum og bæta þannig líf fjölmarga.

Geðheilsa er hluti af lífi hvernar manneskju frá meðgöngu og út lífið. Það hefur verið sýnt fram á mikilvægi tengsla og fyrstu 1000 daganna (meðganga og fyrstu tvö ár ævinnar) í tengslum við góða geðheilsu út lífið. Þrátt fyrir þessar staðreyndir hefur lítið verið gert til þess að styðja við verðandi foreldra og síðar að styðja við foreldra og börn fyrstu æviárin. Þegar í leikskóla kemur og seinna meir í grunnskóla er geðrækt ekki hluti af námskrá eða daglegri vinnu í skólunum. Samfélagsgerðin ýtir því miður undir geðræna erfiðleika og við höldum áfram að setja plástra á erfiðleikana í stað þess að ráðast í raunverulegar og nauðsynlegar breytingar. Það verður einnig að hafa í huga að afleiðingar Covid faraldursins og þeirra aðgerða sem gripið var til í tengslum við smitvarnir og núna vegna atburðanna á Reykjanesi eru enn ekki komnar fram nema að litlu leyti. Samtökin lögðu fram árið 2021 níu aðgerðir til að setja geðheilsu í forgang. Nálágast má tillögurnar hér: www.39.is.


Gögn til áréttingar mikilvægi þess að brugðist verði við

Meðfylgjandi gögn eru fengin úr skýrslum Rannsókna & greininga, gagnagrunni embættis landlæknis og gagnagrunni Tryggingastofnunnar. Þessi gögn eru hluti af mælaborði geðheilsu og endurspegla samfélagsgerðina og þá nálgun sem notast er við. Þau sýna stöðuna eins og hún er í raunveruleikanum og staðfestir að aðgerðir okkar sl. áratugi hafa ekki skilað tilætluðum árangri. Þau tala sínu máli og eru sett fram til áréttingar á mikilvægi þess að brugðist verði við.


Hlutfall barna í 8. til 10. bekk sem meta andlega heilsu sína góða eða mjög góða




Ég er ánægð(ur) með líf mitt 10. bekkur




Punglyndislyf 6 til 17 ára




Svefn- og róandi lyf 6 til 17 ára




ADHD lyf 6 til 17 ára




Aukning frá 2013 til 2022 hjá 6 til 17 ára




Ávísanir lækna á þunglyndislyf a.m.k. 1 sinni á ári til barna 0 til 14 ára




Þunglyndislyf 18 til 44 ára




ADHD lyf 18 til 44 ára




Aukning frá 2013 til 2022 hjá 18 til 44 ára




Dauðsföll alls 2016 til 2020




Dauðsföll 18 til 29 ára árið 2022





Sjálfsvíg sem hlutfall af dauðsföllum



Fjölgun öryrkja frá 1990





Fjármagna aðgerðaráætlun í geðheilbrigðismálum fyrir árin 2023 til 2027

Geðhjálpminnir á að geðheilbrigðisstefna til ársins 2030 var samþykkt á síðasta ári og aðgerðaráætlun í geðheilbrigðismálum fyrir árin 2023 til 2027 var samþykkt í kjölfarið. Þessi aðgerðaráætlun er hins vegar ófjármögnuð sem verður að teljast ákveðið ábyrgðarleysi að hálfu löggjafans en þarf kannski ekki að koma á óvart þar sem aðgerðaráætlun í geðheilbrigðismálum 2016 til 2020 var sömuleiðis ófjármögnuð að mestu. Landssamtökin Geðhjálpm skora á þingheim að bregðast við með því að samþykkja fjárheimildir enda um gríðarlega mikilvægt mál að ræða eins og meðfylgjandi gögn gefa til kynna.

Stjórn landssamtakanna Geðhjálpm